

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2007.

1. gr.

Þinggjöld sem leggja skal á tekjur ársins 2006 og ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu, svo og jöfnunargjald vegna alþjónustu, skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2007. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Eindagi er einum mánuði síðar.

Við skiptingu greiðslu skal við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

2. gr.

Þar til álagning ársins 2007 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Fyrirframgreiðslan skal á hverjum gjalddaga nema 8,5% af þinggjöldum ársins 2006 og 8,5% af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu sem greiða bar á árinu 2006.

Þau þinggjöld sem greiða skal í fyrirframgreiðslu eru iðnaðarmálagjald og tekjuskattur lögaðila.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda eða jöfnunargjalds vegna alþjónustu sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2007 skv. 2. gr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra til úrskurðar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra en úrskurður ríkisskattstjóra er endanlegur.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um ræðir fyrir tekjuárið 2006 séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 2005. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtúaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2007 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 112. og 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, og 22. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 21. desember 2006.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2006